

álitast hafa verið eign prestakallsins en ekki kirkjunnar, og eigi því andvirði þeirra að fylgja prestakallinu framvegis sem innstæða. 50  
23. maí.

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

2 brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* um hlunnindi handa sparisjóðum á Akureyri og í Arnarnesshreppi. — Með brjefum þessum voru sparisjóðunum á Akureyri og í Arnarnesshreppi í Eyjafjarðarsýslu veitt um 5 ár frá 1. júlí þ. á. að telja, eða til 30. júní 1890, öll hlunnindi þau sem talin eru í tilskipun 5. janúar 1874, með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparisjóðirnir nú veita, ekki rýrni, að ákvarðananna um reikningsskil í lögum sjóðanna verði nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðanna sendi landshöfðingja á ári hverju eptirrit af ársreikningum sjóðanna. Svo var einnig skipað að skýra landshöfðingja frá, ef breyting yrði gjörð á lögum sjóðanna og, að því er hinn síðarnefnda sjóð snerti, ef skipti yrðu á ábyrgðarmönnum hans. 51  
27. maí.

Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* um endurveitingu hlunninda handa sparisjóði Höfðhverfinga. — Samkvæmt þarum innkominni beiðni frá forstöðunefnd sparisjóðs Höfðhverfinga endurveitist hjermeð nefndum sparisjóði fyrir næstu 10 ár frá 1. jan. 1886 að telja eða til 31. des. 1895 hlunnindi þau, er samkvæmt tilsk. 5. jan. 1874 voru veitt honum með landshöfðingjabrjefi, dags. 2. des. 1880, og er endurveiting þessi bundin hinum sömu skilyrðum, sem til tekin voru í nefndu brjefi. 52  
28. maí.

Þetta bið jeg yður, herra amtmaður þjónustusamlega að tilkynna forstöðunefnd ofanefnds sparisjóðs.

Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* um skiptingu Leiðvallarhrepps. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 22. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi sýslumannsins í Skaptafellssýslu þarsem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu og eptir ósk hreppsnefndarinnar í Leiðvallarhreppi fer þess á leit, að hinum núverandi Leiðvallarhreppi verði skipt í þrjá hreppa, og hafið þjer mælt fram með því, að þessi beiðni verði tekin til greina. 53  
29. maí.

Þareð jeg verð að álíta, að ástæða sje til að fallast á hina umræddu hreppaskiptingu á þann hátt, sem farið hefur verið fram á, skal jeg hjermeð samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar frá 4. maí 1872 skipa fyrir á þessa leið:

1. Leiðvallarhreppi í Vestur-Skaptafellssýslu skal skipt í þrjá hreppa, þannig
  - að Meðalland sje hreppur sjer og haldi nafninu *Leiðvallarhreppur*;
  - að Álptaver verði hreppur sjer og nefnist *Álptavershreppur*, og
  - að Skaptártunga verði hreppur sjer og nefnist *Skaptártunguhreppur*.
2. Öllum eignum, skuldum og ómögum hins núverandi Leiðvallarhrepps, þeim sem

53  
29. maí.

verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt upp á milli hinna nýju hreppa, að til-  
tölu við sveitarútsvörin á 5 ára bilinu 1877—1881, einsog þau hafa verið í hverj-  
um þessara þriggja hluta hreppsins um sig, og eptir sama hlutfalli skal skipta ó-  
magameðlögum, sem síðar kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap  
þeim, milli hinna nýju hreppa, er hingað til hefur átt sjer stað.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undireins og amtmaður hefur ákveðið tölu  
hreppsnefndarmanna í hverjum hreppi samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunar-  
innar, og hinar nýju hreppsnefndir þareptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan  
framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og ómögum hins fyrverandi Leiðvallar-  
hrepps og sýslunefndin skera úr, ef ágreiningur verður.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar  
og frekari ráðstöfunar.

54  
29. maí. **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli til kirkju-  
byggingar.** — Með brjefi þessu var Rafnseyrarprestakalli veitt 1000 kr. lán úr landssjóði  
til endurbyggingar kirkjunnar á Rafnseyri úr timbri gegn því að lán þetta verði auk 4%  
vaxta endurborgað landssjóði með 100 kr. árlega í 10 ár af tekjum prestakallsins.

#### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árin 1884 og 1885.

10. gr. c. 5. b

Austur- og Vestur- Skaptafellssýslum veittur hvorri fyrir sig 300 kr. styrkur til vegabóta á  
aðalpóstleiðum um sýslurnar á í hönd farandi sumri.

300 kr. styrkur veittur til framhalds vegagjörðar milli Grænumýrartungu og Mela í Hrutá-  
firði og 400 kr. til endurbóta á aðalpóstveginum kringum Gilsfjörð.

16. gr.

Birni L. Blöndal veittur 100 kr. styrkur til að kenna sund í laugunum við Reykjavík.

#### EMBÆTTASKIPUN.

30 apríl var skrifstofustjóri í hinu íslenska ráðaneyti í Kaupmannahöfn John Hilmar  
Stephensen skipaður af konungi stjórnardeildarforstjóri í sama ráðaneyti og jafnframt var assi-  
stent í ráðaneytinu Anders Dybdal skipaður af konungi skrifstofustjóri samastaðar.

#### ÓVFITT PRESTAKALL.

Holt undir Eyja fjöllum í Rangárvallaþrófastsdæmi (Holts og Stóradalssóknir). Veitist frá  
fárdögum 1885. Af brauðinu ber að greiða eptirlaun prestsekkju, svo og 100 kr. árgjald til landssjóðs  
samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr. Á því hvílir og 1080 kr. landssjóðsskuld, sem ávaxtast með  
4% og endurborgast með 120 kr. á ári og ber því þeim er brauðið fær, að ávaxta og endurborga skuld  
þessa, að því leyti, sem skyldan til þess eigi hvílir á hlutaðeigandi dánarbúi. Brauðið er metið 2040 kr.  
54 a. Auglýst 30. maí 1885.